

Úthlutunarreglur vegna styrkja til leigu á Félagsheimili Bolungarvíkur

1. Tilgangur styrkjanna er að hvetja til aukins framboðs af menningarviðburðum í Félagsheimili Bolungarvíkur.
2. Umsækjendur geta verið einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir.
3. Styrkir verða ekki veittir til verkefna sem eru á vegum ríkis eða sveitarfélaga. Ekki verða veittir styrkir vegna viðburða tengdum dansleikjahaldi.
4. Styrkir geta aldrei verið hærrí fjárhæð en sem nemur 75% af gjaldskrá Félagsheimilis Bolungarvíkur vegna viðburðar.
5. Umsóknir um styrki skulu vera á eyðublöðum frá menningar- og ferðamálaráði sem eru aðgengileg á skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar og á heimasíðu sveitarfélagsins. Umsóknir skal stíla á menningar- og ferðamálaráð og eiga þær að berast bæjarskrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar.

Reglur þessar voru staðfestar á 715. fundi bæjarstjórnar Bolungarvíkur 28. júní 2016.